



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2014 (45. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 30.10.2014 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Einar Jón Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

- 1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar - óveruleg breyting vegna göngu- og hjólastígs**
Kynnt hefur verið tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna gerðar göngu- og hjólastígs frá Flugstöðinni til Keflavíkur í Reykjanesbæ. Borist hafa jákvæðar umsagnir frá Sandgerðisbæ og Reykjanesbæ. Boðuð hefur verið jákvæð umsögn frá Sveitarfélaginu Garði, en hún hefur ekki borist formlega enn.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna og samþykkti einnig að málið verði sent til Skipulagsstofnunar til staðfestingar þegar umsögn Sveitarfélagsins Garðs hefur borist.

- 2. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030**
Auglýst hefur verið tillaga að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030. Skipulagsnefndin hafði áður gert nokkrar athugasemdir við drög að tillögu að aðalskipulaginu og hefur verið tekið tillit til þeirra flestra við gerð hinnar endanlegu tillögu.

Skipulagsfulltrúi mun ræða við fulltrúa Garðs um þau atriði sem útaf standa en þau eru öll smávægileg.

- 3. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja**
Borist hefur erindi frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum um skipan fulltrúa Keflavíkurflugvallar í samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja sem samkvæmt lögum er viðvarandi nefnd.



Skipulagsnefndin samþykkti að Guðmundur Björnsson, formaður skipulagsnefndarinnar, verði aðalmaður í samvinnunefndinni og Steinþór Einarsson verði til vara.

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 21.10.2014, varðandi starfsreglur samvinnunefndarinnar.

4. Erindi Keilis um stöðuleyfi á Háaleitishlaði 29

Skipulagsfulltrúi kynnti erindi Keilis um umsókn um stöðuleyfi fyrir fimm skrifstofugáma á Háaleitishlaði 29.

5. Skoðunarferð um Keflavíkurflugvöll

Farin var skoðunarferð um Keflavíkurflugvöll og skoðuð þar helstu mannvirki.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður fimmtudaginn 11.12.2014 í Vegagerðinni, Borgartúni 7, Reykjavík.

Fleira ekki gert, fundi slitið.